# Sjávarþorpið Suðureyri

## Kortlagning og framtíðarsýn


Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board

Vettvangsferð til Suðureyrar

Ferðamannastaður í sjálfbæru sjávarþorpi

Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt FAÍ

Vettvangsferð dagana 13. - 15. september 2010

Samstarfsverkefni Ferðamálastofu og Sjávarþorpsins Suðureyri ehf.


Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board

Góðir ferðamannastaðir

Undirbúningur fyrir stefnumótun

Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt FAÍ - Nóvember 2010

Málþing um uppbyggingu og skipulag ferðamannastaða, 14. apríl 2011

Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt FAÍ


SUÐUREYRI








**Hvað er gott og hvað má betur fara á Suðureyri.**

+ Gæði í umhverfi

÷ Umhverfi sem þarfnast betrumbóta












# Lónið við þorpið



Það fyrsta sem mætir vegfaranda á leið til Suðureyrar er lón á vinstri hönd á meðan hafið er á hægri hönd. Lónið sjálft er fallegt og þá sérstaklega samspil þess við himininn sem fjöllin ramma inn á áhrifaríkan hátt.

Kanadísk einingahús sem hýsa sjóstangaveiðimenn veikja þó því miður þessa heildarmynd sem blasir við vegfarandanum. Þeir samlagast hvorki landslagi né þeim fallega byggingararfi sem Suðureyri býður upp á.

Við lónið á sér þó stað óvænt upplifun. Hægt er að ganga niður á lóninu og gefa þorskum beitu. Það eina sem þarf að gera er að lemja stein í stein og vera tilbúinn með beitu. Þorskarnir koma að landi þannig að hægt er að klappa þeim.

**Verkefni**
Leita verður leiða til að draga fram þá sérstöku upplifun sem á sér stað þegar þorskum er gefið að borða. Þó er mikilvægt að það sé gert á eins fínlegan hátt og kostur er. Stórt og mikið mannvirki gæti eyðilagt þessa upplifun og því mikilvægt að vanda til við hönnun slíks mannvirkis.

Einnig er mikilvægt að draga úr þeim sjónrænu áhrifum sem kanadísku einingahúsin hafa á umhverfið.














# Aðkoman inn í þorpið



Þegar keyrt er lengra inn á Suðureyri tekur við nokkuð sundurleitt svæði. Þó má á þessu svæði finna fallega tjörn og kirkju og höfnin sem slík er einnig falleg. Hægt er að skoða höfnina með því að ganga út á tanga þar sem er áningastaður með gott útsýni. Á tanganum er þó ekki hægt að komast í snertingu við hafflötinn.

Við litlu höfnina, þar sem veiðibátar fyrir sjástangaveiði eru staðsettir, má þó finna snertiflöt. Um er að ræða steinsteyptan rampa sem hverfur ofan í hafflötinn.

**Verkefni**
Steinsteypti rampurinn býður upp á marga áhugaverða möguleika varðandi snertiflöt sjávar og lands. Leita verður leiða til að draga fram þessa áhugaverðu upplifun.

Eins og áður sagði er þetta aðkomusvæði þorpsins sundurleitt. Túngatan hefur svo þá ókosti í för með sér að tenging þorps og sjávar slitnar. Styrkja þarf tengingu við hafflötinn en það gæti verið góð leið til að efla heildarmynd þessa svæðis.


Miðlun sögu
um fiskfinnslu á
Suðureyri.
Góð leið til að styrkja
heildarmynd þorpsins er að
virkja höfnina og gera hana
aðgengilegri. Það er
jafnframt góð leið til að
styrkja ímynd Suðureyrar sem
sjálfbært sjávarþorp.
Við höfnina ætti að vera
hægt að kaupa feskan fisk
en einnig að að snæða
sjávarrétti um leið og horft er
yfir höfnina.
Þorpið skiptist í grófum
dráttum upp í tvo hluta. Þeir
tengjast ekki vel og fyrir vikið
virkar heildarmynd þorpsins
sundurleit.
Vinna þarf með kantinn við
hafflötinn, á nokkrum vel
völdum stöðum, og ýta
þannig undir þá upplifun
sem felst í snertingu við hafið.






Ketillinn
Hótel
Góð staðsetning
Fallegur staður til
að sitja og horfa út
fjörðinn en einnig
inn í höfnina
Stórt, tómt en áhugavert
svæði
Tjaldsvæði
Góð staðsetning









**Söguleg spor - Nostalgía**

Á svæði sem afmarkast af Skipagötu, Skólagötu og Eyrargötu var eitt sinn byggðarkjarni sem er einn sá elsti í þorpinu. Þarna drógu götur nafn sitt af stórborgum eins og Róm og enn í dag má sjá leifar af Rómarstíg. Elías Guðmundsson hefur unnið gott verk með að safna saman ljósmyndum og upplýsingum um svæðið og fengið þar góða hjálp eldri íbúa Suðureyrar.

Á myndinni má sjá þær byggingar sem eitt sinn stóðu á þessu svæði. Gaman er að bera saman mælikvarða þeirra við þá byggingu sem hýsir starfssemi Íslandssögu.

Myndin er unnin eftir upplýsingum og teikningum frá Elíasi Guðmundssyni.









Með framleiðsluháttum Íslandssögu er m.a. hægt að sjá frá hvaða báti fiskurinn er veiddur.
Áhugavert getur verið að tengja saman sjó og land í gegnum sögu og frásagnir.
Stórt, tómt en áhugavert svæði sem getur miðlað gömlum tíma og nýjum í sögu fiskvinnslu á Íslandi.
Mikilvægt er að draga fram elstu spor byggðarinnar á framsækinn og nýstárlegan hátt.











**Verkefni**
Segja má að að á þessu svæði séu nokkur verkefni. Það fyrsta og það mikilvægasta er þó að horfa á heildarmynd svæðisins og átti sig á henni. Á síðunni hér til hliðar má sjá hvernig verkefnið í heild sinni er skilgreint. Meginmarkmið þess geta verið á eftirfarandi veg:

*Draga fram sérstöðu Suðureyrar sem sjálfbærs sjávarþorps. Miðla áhugaverðri sögu um vinnslu á fiski frá fyrstu dögum þorpsins og allt til dagsins í dag.*

Í þessu samhengi er mikilvægt að leggja ekki aðeins rækt við sögulegar minjar frá fyrstu dögum þorpsins. Jafn mikilvægt er að draga fram þá sérstöðu sem felst í kerinu og steinsteyptum stórum flötum. Þetta eru líka mikilvæg söguleg spor þó þau séu nær okkur í árum. Að lokum væri hægt að enda göngutúr um svæðið með heimsókn í Íslandssögu og kynnast þar nútímalegum vinnubrögðum við vinnslu á fiski.

Á þessari síðu má sjá tillögur að því hvernig væri hægt að nálgast verkefni af þessum toga. Myndirnar í horninu til vinstri sýna form elstu húsa Suðureyrar, þó í nýju samhengi. Um er að ræða einfaldan grunn-strúktúr sem börn og fullorðnir, ferðalangar jafnt sem heimamenn, geta fylgt inn í með ýmis konar skemmtilegum efnum. Á þennan hátt er hægt að sameina leik og fræðslu.

Hér til hliðar og uppi í horni til hægri eru einnig vangaveltur um þá fleti sem er að finna á svæðinu og snertiflöt lands og sjávar. Þar sem myndin í sjávarmálinu er tekin var jú eitt sinn vísir að höfn og væri því vel við hæfi að draga fram þá sögu á skemmtilegan hátt.

# Göngutúr um Suðureyri

